

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
189. fundur – 28. apríl 2014

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 28. apríl 2014. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17.00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 188. fundar heilbrigðisnefndar frá 31. mars 2014 lögð fram.

1 Fundargerð 166. starfsmannafundar frá 23. apríl 2014

1.1 Starfsleyfi

Hafnarfjörður

1.1.1 Erluás 1, Hafnarfjörður – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Páls Haraldssonar f.h. Sipal ehf., kt. 540207-0970, dags. 11.04.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingaverslunar (panna, djúpsteiking og bakaraöfn) að Erluási 1, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.2 Krýsuvíkurvegur, Hafnarfjörður, endurvinnsla úrgangs

Lögð fram umsókn Gámapjónustunnar hf. kt. 410293-0349, dags. 22. apríl 2014 þar sem sótt er um starfsleyfi til eftirmeðhöndlunar á moltu á lóð austan Krýsuvíkurvegar vestan Stórhöfða í Hafnarfirði. Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 785/1999, með síðari breytingum, er samþykkt að veita starfsleyfi til 12 mánaða með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að fyrirkomulag verði með þeim hætti að óþægindi verði ekki fyrir umhverfið.

1.1.3 Melabraut 20, Hafnarfjörður, trésmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Ingólfs H. Bjarnasonar f.h. SJ Tréverk ehf., kt. 510214-0720, dags. 18.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmíðaverkstæðis að Melabraut 20, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.4 Reykjavíkurvegur 74, Hafnarfjörður – veislusalur

Lögð fram umsókn Oddsteins Gíslasonar, f.h. Matbær ehf. kt. 691009-0250, dags. 7.04.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir móttökueldhús og veislusal að Reykjavíkurvegi 74, Hafnarfirði. Húshluti: jarðhæð. Viðbót við starfsleyfi að Matbæjar ehf. að Reykjavíkurvegi 72.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er breyting á starfsleyfi Matbæjar ehf. sem gildir til 20. maí 2024 samþykkt.

1.1.5 Skólabraut, Hafnarfjörður, gamli Lækjarskóli, gistiaðstaða

Lögð fram umsókn Marínar Hrafnadóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar., kt. 590169-7579, dags. 16.03.2014, þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir gistiaðstöðu frá 12.06.2014 - 20.06.2014 við Skólabraut, Hafnarfirði. Tímabundið leyfi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er umbeðið starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.6 Skipalón 21, Hafnarfjörður, daggæsla fyrir allt að 10 börn.

Lögð fram umsókn Magnúsar Daníelssonar kt. 310156-3299, dags. 25.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn, á einkaheimili að Skipalóni 21, Hafnarfirði. Jarðhæð í fjöleignahúsi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.7 Strandgata 29, Hafnarfjörður, veitingastofa

Lögð fram umsókn Erlu Sigurðardóttur, f.h. Café Deluxe., kt. 670314-0300, dags. 18.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss að Strandgötu 29, Hafnarfirði. Húshluti: 2.hæð Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

1.1.8 Hagasmári 1, Kópavogur – sala á matvöru

Lögð fram umsókn Elísar Viktors, f.h. Sema ehf., kt. 510507-2310, dags. 10.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með matvæli að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.9 Hjallabrekka 37, Kópavogur - innflutningur á fæðubótaefnum, lögheimili

Lögð fram umsókn Ingibjargar Þorvaldsdóttur, f.h. Extent ehf., kt. 591208-1520, dags. 28.05.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs innflutningsverslunar með lögheimili að Hjallabrekku 37, Kópavogi. Breyting á staðsetningu. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4. ára.

1.1.10 Nýbýlavegur 2, Kópavogur – dekkjaverkstæði

Lögð fram umsókn Sigurðar H. Óskarssonar f.h. Dekkverk ehf., kt. 560305-2880, dags. 7.04.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dekkjaverkstæðis að Nýbýlavegi 2, Kópavogi. Húshluti: 01 0101 efri hæð. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.11 Nýbýlavegur 32, Kópavogur – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Hjörtur Aðalsteinssonar f.h. Super Sub ehf., kt. 540703-2480, dags. 24.04.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Nýbýlavegi 32, Kópavogi. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.12 Skemmuvegur 40, Kópavogur – kennslustaður

Lögð fram umsókn Heiðrúnar Klöru Johansen, kt. 070279-5339, dags. 14.04.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir kennsluhúsnæði vegna hundaskóla að Skemmuvegi 40, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.13 Smiðjuvegur 72, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Hauks Þorsteinssonar, f.h. Flexo ehf., kt. 680113-1060, dags. 10.04.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Smiðjuvegi 72, Kópavogi. Húshluti: neðri hæð. Breyting á starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.2 Umsagnir

Garðabær

1.2.1 Höfðabraut, Garðabær – félagsaðstaða - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 22.4.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Garðabæjar, kt. 570169-5649, þar sem sótt er um tækifærisleyfi við tónleika jazzhátíðar í Haukshúsum við Höfðabraut í Garðabæ þann 26.04.2014 frá kl. 17.00 - 19.00. Áætlaður gestafjöldi 40 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.2 Kirkjulundur 3, Garðabær – safnaðarheimili - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 22.4.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Garðabæjar, kt. 570169-5649, þar sem sótt er um tækifærisleyfi við tónleika jazzhátíðar Garðabæjar í safnaðarheimili Vídalínskirkju, Kirkjulundi 3, Garðabæ, þann 24.04.2014 - 26.04.2014 frá kl. 20.30 - 22.30. Áætlaður gestafjöldi 120 manns. Jákvæð umsögn staðfest.

Hafnarfjörður

1.2.3 Kaplakriki, Hafnarfjörður – íþróttahús - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 7.4.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skemmtun í Kaplakrika, Hafnarfirði, þann 12. júní n.k. frá kl. 19.00-23.00 fyrir 2-3000 manns. Jákvæð umsögn veitt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.2.4 Reykjavíkurvegur 74, Hafnarfjörður – samkomusalur - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 1.4.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Matbæjar ehf., kt. 691009-0250, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal samkvæmt flokki III að Reykjavíkurvegi 74, Hafnarfirði. Starfsemin er rekin í tengslum við rekstur Matbæjar ehf. sem rekur veitingastað með starfsleyfi að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 28.04.2014 starfsleyfi fyrir rekstur veislusalar að Reykjavíkurvegi 74, Hafnarfirði. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki III, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir rekstur samkomusalar og veislupjónustu.”

1.2.5 Strandgata 29, Hafnarfjörður – kaffihús - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 8.4.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Café Deluxe ehf., kt. 670314-0300, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal samkvæmt flokki II að Strandgötu 29, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 28.04.2014 starfsleyfi fyrir rekstur kaffihúss skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir reksturs kaffihús.”

Kópavogur

1.2.6 Skálaheiði 2, Kópavogur – íþróttahús - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 3.04.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Menntaskólans í Kópavogi, kt. 631173-0399, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir árshátíð sem haldinn verður þann 10.04.2014 frá kl. 22.00-02.00 fyrir 1000 manns í Íþróttahúsi Digranesi, Skálaheiði 2, Kópavogi. Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.7 Nýbýlavegur 32, Kópavogur – veitingastaður - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 7.4.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Reymimels ehf (Super Sub ehf.) kt. 540703-2480, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu og greiðasölu samkvæmt flokki I að Nýbýlavegi 32, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 28.04.2014 starfsleyfi fyrir reksturs veitingastofu að Nýbýlavegi 32, Kópavogi, skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir rekstur veitingastofu”

1.2.8 Vallakór 12, Kópavogur – íþróttahús - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 11.04.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sena event ehf., kt. 660307-0950, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika sem haldnir verða þann 24.08.2014 frá kl. 18.00 - 22.30 fyrir 16500 manns í Íþróttahúsinu Kórnum, Vallakór 12, Kópavogi.

Afgreiðslu frestað þar sem nánari upplýsingar vantar.

1.3 Tóbaksleyfi

1.3.1 Erluás 1, Hafnarfjörður– verslun

Lögð fram umsókn Sipal ehf, kt. 540207-0970, dags. 11.04.2014, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í Total söluturni að Erluási 1, Hafnarfirði.

Mælt er með staðfestingu leyfisveitingar.

1.3.2 Hamraborg 12, Kópavogur – verslun

Lögð fram umsókn Olíuverslunar Íslands hf, kt. 500269-3249, dags. 4.04.2014, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í Olís þjónustustöð, Hamraborg 12, Kópavogi. Endurnýjun.

Mælt er með staðfestingu leyfisveitingar.

1.4 Annað

1.4.1 Blýlód við jafnvægisstillingu hjóla

Lagt fram til kynningar afrit af bréfi Umhverfisstofnunar frá 27. mars 2014 til Bílgreinasambandsins þar sem vakin er athygli á að óheimilt er að nota blýlód til jafnvægisstillingu hjóla sbr. ákvæði reglugerðar nr. 506/2007, um takmörkun efna í vélknúnum ökutækjum.

2 Vatnsvernd

2.1 Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Lagðar fram fundargerðir framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 19. mars 2014 og 23. mars 2014.

2.2 Endurskoðun á heilbrigðissamþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Farið var yfir vinnu við endurskoðun heilbrigðissamþykktar. Fyrirliggjandi heilbrigðissamþykkt nr. 636/1997 hafi reynst vel og hafa vatnsgæði ekki rýrnað þann tíma sem hún hefur verið í gildi. Í ljósi breytinga á laga- og regluverki, breyttrar afmörkunar verndarsvæða, nýjum verndarflokki og aukinni umferð um svæðin er talið rétt að skoða ákvæði samþykktarinnar. Ímynd vatnsverndar er góð og mikilvægt að stuðla að forvörnum til að koma í veg fyrir rýrnun vatnssvæða og viðhalda þeirri ímynd sem neysluvatnið hefur. Fjölmargir vegir liggja um svæðin en umferð og ástand er talin mesta ógn vatnsgæða. Vegna þess verður bætt við sérstökum greinum um vegi í heilbrigðissamþykkt en bæta þarf ástand vega til að draga úr slyshættu. Talið er að miða þurfi við reglur um nýja vegi þegar farið er í endurbætur á vegum innan vatnsverndarsvæða og hættur fjarlægðar, en að strax verði farið í mótvægisáðgerðir þar sem vitað er um hættulega vegkafla. Önnur atriði sem skerpa þarf á eru varðandi háspennulínur, aukna þjónustu vegna útivistar, eldvarnir og framkvæmdir.

2.3 Heildarendurskoðun á svæðisskipulagi

Lagt fram að nýju erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 24. mars 2014 þar sem óskað er umsagnar við drög að greinargerð fyrir heildarendurskoðun á vatnsverndar.

Greinargerðin er kynnt á heimasíðu SSH <http://ssh.is/til-kynningar/vatnsvernd>

Heilbrigðisnefnd telur að með því svæðisskipulagi verði er að vinna að verði neysluvatnsvernd betur tryggð í ljósi breyttra aðstæðna.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirfarandi ábendingar við kynningar gögn:

1. Skipulaginu verður að fylgja eftir með frekari rannsóknum á jarð- og vatnafræði
2. Legu og lagningu háspennulína þarf að skoða ítarlegar í frekari skipulagsvinnu
3. Umferðaröryggismálum á Bláfjallasvæðinu og í Heiðmörk verður að fylgja eftir til að útivist valdi ekki óþarfa álagi

Heilbrigðiseftirlitinu er falið að koma þessum sjónarmiðum á framfæri ásamt minniháttar athugasemdum við nokkur atriði í greinargerðinni.

2.4 Þríhnúkagígur 2014

2.4.1 Þríhnúkagígur, framkvæmdir 10. apríl 2014

Lagt fram til kynningar afrit af erindi Jóns Viðars Sigurðssonar til Umhverfisstofnunar dags. 13. apríl 2014, um flutninga á gámum og ýmsum búnað að Þríhnúkum með stórvirkum tækjum. Tilgangurinn var að kanna hvort leyfi Umhverfisstofnunar til flutninga með þessum hætti innan friðaðs svæðis væri til staðar og hvernig eftirliti með framkvæmdum sem þessum væri háttað ef slíkt leyfi væri til staðar.

2.4.2 Þríhnúkagígur, verkefni.

Lagt fram erindi Þríhnúka ehf. frá 28. mars 2013 um stöðu mála við undirbúning verkefnisins sem á að gera Þríhnúkagíg aðgengilegan.

3 Lagafrumvörp

3.1 Losun og móttaka úrgangs frá skipum

Lagður fram tölvupóstur Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um losun og móttöku úrgangs frá skipum (EES-reglur), 376. mál. Þess er óskað að umsögn berist eigi síðar en 23. apríl 2014.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/143/s/0688.html>

3.2 Mat á umhverfisáhrifum

Lagður fram tölvupóstur Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (fjöldgun tilkynningarskyldra framkvæmda, EES-reglur), 467. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 30. apríl 2014.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/143/s/0813.html>

4 Önnur mál

Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Guðmundur Sigurðsson

Gísli Ó. Valdimarsson